

Fimmtudaginn 4. júní 1998.

Nr. 216/1998.

Ákærvaldið

(Jón Eysteinnsson, sýslumaður í Keflavík)

gegn

Brynju Kristjánsdóttur

(enginn)

Kærumál. Lögreglurannsókn. Ákæra. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 19. maí 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 20. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. maí 1998, þar sem máli sóknaraðila á hendur varnaraðila var sjálfkrafa vísað frá dómi. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

Samkvæmt 112. gr. laga nr. 19/1991 hefur sóknaraðili metið það svo, þegar ákæra var gefin út í málinu 20. apríl 1998, að rannsókn þess hjá lögreglu væri lokið og hún nægði til að taka ákvörðun um saksókn. Sakarefni málsins er sáraeinfalt. Þótt rannsókn lögreglu á málinu sé að nokkru ófullkomin, er unnt að bæta úr því við meðferð þess fyrir dómi, sbr. 3. mgr. 119. gr. laga nr. 19/1991. Getur þetta því ekki varðað frávísun málsins frá dómi. Samkvæmt þessu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur. Lagt er fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 15. maí 1998.

Ár 1998, föstudag 15. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness í málinu nr. S-171/1998: Ákærvaldið gegn Brynju Kristjánsdóttur, kveðinn upp úrskurður þessi.

I.

Sýslumaðurinn í Keflavík gaf 20. apríl sl. út ákæru á hendur ákærðu, Brynju Kristjánsdóttur, kt. 121154-5959, til heimilis að Lyngbraut 13 í Garði. Barst hún dóminum sama dag, og var málinu úthlutað til undirritaðs dómara 21. s. m. Með ákvörðun dómara 5. maí sl. var synjað um útgáfu fyrir-kalls og málinu vísað þegar frá dómi ex officio á grundvelli 3. mgr. 119. gr. laga nr. 19/1991. Með bréfi sýslumannsins í Keflavík, dagsettu 7. s. m., var gerð krafa um, að úrskurðað yrði um framangreinda synjun, sbr. lokamáls-lið sama ákvæðis.

Ákærðu er í ákæru gefið að sök umferðarlagabrot með því að hafa þriðjudaginn 13. janúar 1998 ekið bifreiðinni Ö-771 um Miðgarð í Keflavík án þess að vera með ökuljós tendruð né öryggisbelti spennt við aksturinn. Er þetta talið varða við 32. gr. og 71. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og þess krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, sbr. 100. gr. sömu laga.

II.

Með ákæru fylgdu eftirgreind sönnunargögn og önnur fylgigögn: skýrsla lögreglu, dagsett 13. janúar 1998, undirrituð af tveimur lögreglumönnum, útprentun úr Þjóðskrá, dagsett 23. mars 1998, og sakavottorð ákærðu.

— — —

[Sjá mál nr. 213/1998, bls. 2286–2289.]

Finnur Torfi Hjörleifsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Þessu máli ákærvalds gegn ákærðu, Brynju Kristjánsdóttur, er vísað frá dómi.
